

## Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 09. desember 2015

**Mættir:** Hörður J. Oddfríðarson formaður, Hlín Ástþórsdóttir varaformaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Elsa María Guðmundsdóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Pétur Einarsson, Emil Örn Harðarson mótastjóri. Einnig sat Ingi Þór Ágústsson úr landsliðsnefnd fundinn frá upphafi fram til 19:15.

**Afboða, mæta ekki:** Lóa Birna Birgisdóttir gjaldkeri, Richard Kristinsson, Jónas Tryggvason, Ragnar Marteinsonsson, Eva Hannesdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri og Jacky Jean Pellerin landsliðsþjálfari.

Fundur settur kl. 18:10

### 1. Fundargerðir

- a. Verkefnafundur nr. 11 dags. 24/11 2015

*Staðfest*

- b. Dómaranefnd nr 56 dags 30/11 2015

*Varðandi 1.lið fundargerðar*

*Stjórn óskar eftir að bréf frá mótstjórn ÍM25 til nefndarinnar verði tekið fyrir á ný þegar nefndarmaður Jón Hjaltason er viðstaddur (að öðru leyti bókar stjórn í framhaldi af þessu máli undir 4.lið þessarar fundargerðar*

*Varðandi 2.lið fundargerða*

*Stjórn SSÍ tekur undir með Dómaranefnd að huga þurfi að aldri og getu sundfólks áður en það er skráð til þátttöku á opnum mótum með stífri dómgæslu. Fræðslunefnd SSÍ mun huga að þessu máli ásamt því að framkvæmdastjóri SSÍ mun senda bækling ÍSÍ um íþróttir barna til allra félaga. Stjórn ræddi einnig hugmyndir um svokölluð A, B og C mót eða mót þar sem þátttaka fer eftir getu en engin önnur niðurstaða varð að sinni*

*Varðandi 3.lið fundargerðar*

*Stjórn SSÍ felur Dómaranefnd og framkvæmdastjóra SSÍ að hefja undirbúning undir Sundskóla FINA hér á landi hið snarasta.*

*Staðfest*

- c. Verkefnafundur nr. 12 dags. 2/12 2015

*Staðfest*

- d. Landsliðsnefnd dags 3/12 2015

*Varðandi 1.lið fundargerðar*

*Stjórn SSÍ tekur undir með Landsliðsnefnd að mikilvægt sé að sundfólk fylgi því prógrammi sem þjálfari einstaklingsins leggur upp með, en er jafnframt sammála nefndinni að nauðsynlegt sé að þjálfararnir séu meðvitaðir um áherslur SSÍ hvað varðar þátttöku í alþjóðlegum verkefnum og miði æfingaprógramm sundfólksins einnig við þær.*

*Varðandi 2.lið fundargerðar*

*Stjórn SSÍ staðfestir boð til þeirra tveggja sundmanna sem náðu lágmarkum inn í ÓL hópinn á ÍM25, um að þeir fái sérstakan styrk fari þeir í æfingabúðir með sínum félagsþjálfara á vorönn 2016.*

*Varðandi 3.lið fundargerðar*

*Umræða var um Tokyo2020 hópinn og hvernig hann muni þróast. Fræðslunefnd er falið að leggja sitt af mörkum til að gera hópinn betri og eftirsóknarverðari*

*Varðandi 4.lið fundargerðar*

*Stjórn fjallaði um bréf sem Landsliðsnefnd sendi stjórn Sunddeildar Fjölnis. Stjórn var nokkuð samstíga í því að það væri spor til framfara að herða á þátttöku sundfólks í þeim verkefnum sem það nær lágmarkum/viðmiðum í, en óskar eftir því við Landsliðsnefnd að nefndin geri tillögu um viðbrögð og viðurlög við því ef einstaka sundmaður hunsar þau verkefni sem unnið er að eða stendur ekki við skuldbindingar sínar. Nefndin er beðin um að líta til þess hvernig önnur sérsambönd bregðast við svipuðum aðstæðum. Gera má ráð fyrir að fyrstu tillögu nefndarinnar liggi fyrir á næsta stjórnarfund.*

*Staðfest*

### 2. Félagaskipti

**Nafn:**

Engin félagaskipti liggja fyrir

**Fyrri félag:**

**Nýtt félag:**

**dags. mótt.**

**Tekur gildi**

## Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 09. desember 2015

### 3. Staðfesting meta

#### 25 metra laug

##### Stúlkna

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
400m skriðsund	Sunneva Dögg Friðriksdóttir	ÍRB	04:15,57	13.11.15	Hafnarfjörður
4x100m fjórsund	Sveit ÍRB Íris Ósk Hilmarsdóttir Karen Mist Arnegeirsdóttir Gunnhildur Björg Baldursdóttir Sunneva Dögg Friðriksdóttir	ÍRB	04:24,78	14.11.15	Hafnarfjörður

##### Drengja

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
50m baksund	Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik	00:27,38	15.11.15	Hafnarfjörður
50m baksund	Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik	00:27,21	15.11.15	Hafnarfjörður
100m baksund	Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik	00:58,45	15.11.15	Hafnarfjörður
200m baksund	Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik	02:06,72	13.11.15	Hafnarfjörður
50m flugsund	Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik	00:26,88	15.11.15	Hafnarfjörður
200m flugsund	Brynjólfur Óli Karlsson	Breiðablik	02:11,58	22.11.15	Reykjavík

##### Blandað Pilta/Stúlkna

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x50m skriðsund	Sveit Breiðabliks Elín Ylfa Viðarsdóttir Ragnheiður Karlsdóttir Brynjólfur Óli Karlsson Daníel Már Kristinsson	Breiðablik	01:47,48	15.11.15	Hafnarfjörður

##### Kvenna

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
100m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	00:58,40	15.11.15	Hafnarfjörður
100m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	00:58,39	02.12.15	Netanya
100m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	00:57,42	03.12.15	Netanya
200m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	02:03,96	04.12.15	Netanya
200m baksund	Eygló Ósk Gústafsdóttir	Ægir	02:03,53	04.12.15	Netanya
50m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	00:30,67(jöfnun)	15.11.15	Hafnarfjörður
100m bringusund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	01:06,12	13.11.15	Hafnarfjörður
200m flugsund	Inga Elín Cryer	Ægir	02:12,95	04.12.15	Netanya
100m fjórsund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	01:00,63	14.11.15	Hafnarfjörður
200m fjórsund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	02:11,57	13.11.15	Hafnarfjörður
400m fjórsund	Hrafnhildur Lúthersdóttir	SH	04:43,56	13.11.15	Hafnarfjörður
4x100m fjórsund	Sveit SH Katarína Róbertsdóttir Hrafnhildur Lúthersdóttir María Fanney Kristjánsdóttir Karen Sif Vilhjálmisdóttir	SH	04:17,43	14.11.15	Hafnarfjörður

##### Karla

Grein:	Nafn:	Félag:	Tími:	Dags:	Staður:
4x100m skriðsund	Sveit SH Aron Örn Stefánsson Kolbeinn Hrafnkelsson Viktor Máni Vilbergsson Predrag Milos	SH	03:24,25	14.11.15	Hafnarfjörður
4x100m fjórsund	Sveit SH Kolbeinn Hrafnkelsson Viktor Máni Vilbergsson Predrag Milos Aron Örn Stefánsson	SH	03:45,00	15.11.15	Hafnarfjörður

## Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 09. desember 2015

### Blandað Karla/Kvenna

<b>Grein:</b>	<b>Nafn:</b>	<b>Félag:</b>	<b>Tími:</b>	<b>Dags:</b>	<b>Staður:</b>
4x50m fjórsund	Sveit SH Kolbeinn Hrafnkelsson Hrafnhildur Lúthersdóttir Aron Örn Stefánsson Karen Sif Vilhjálmsdóttir	SH	01:47,55	14.11.15	Hafnarfjörður

### 4. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
15/11 2015	Ólöglegur tími sundfólks	Mótstjórn ÍM25/eöh

*Stjórn SSÍ telur mjög mikilvægt að almennar reglur SSÍ og alþjóðlegar reglur FINA haldi þegar yfirdómara staðfesta úrslit móta í tilkynningu til SSÍ. Þetta á við um uppsetningu liða í blönduðum boðsundum rétt nöfn og röð sundfólks í boðsundum og rétt nöfn sundfólks í einstaklingsgreinum. Það þarf að vera alveg á hreinu að úrslit móta sem eru staðfest af yfirdómara móts séu yfir allan vafa hafinn hvort sem um er að ræða opin mót á vegum SSÍ eða félagsmót. Því er beint til Dómaranefndar SSÍ að áréttu þetta við yfirdómara á lista SSÍ. Framkvæmdastjóra falið að fylgja þessari bókun eftir við nefndina.*

### 5. Verkefni vorannar og verkaskipting stjórnar

- Gerð er tillaga um að Bjarney Guðbjörnsdóttir taki við stöðu ritara frá og með næsta stjórnarfundum
- Rætt um hvort rétt væri að skipta um gjaldkera að beiðni núverandi gjaldkera. Tillaga um að Pétur Einarsson vinni með núverandi gjaldkera á vorönn 2016 og stjórn mun taka málið upp aftur á miðju ári
- Verkefni Vorannar
  - Tokyo 2020 æfingabúðir 6. febrúar (með fyrirvara um rétta dagsetningu)
    - Finna staðsetningu fyrir búðirnar
    - Ákveða dagskrá í samráði við framkvæmdastjóra og landsliðsnefnd
    - Fararstjórn og vera á staðnum
    - Finna út hvað er mögulegt að gera til að brjóta upp dagskránnu
      - Stjórnarmenn Ingibjörg Kristinsdóttir og Bjarney Guðbjörnsdóttir tóku að sér að koma að þessum undirbúningi
  - RIG 22-24 janúar
    - Undirbúningur mótsins og framkvæmd
  - Formannafundur febrúar- mars 2016
    - Finna út staðsetningu
      - Fram kom tillaga um að halda fundinn á Akureyri og fékk stjórnarmaður Elsa María Guðmundsdóttir það verkefni að athuga hvort það gengi upp í samráði við framkvæmdastjóra
    - Ákveða dagskrá í samráði við formann
    - Kynna fundinn í félögum
  - Grunnskólamót SSÍ 8. mars (með fyrirvara um breytta dagsetningu)
    - Vinna að því að fjölga skólum
    - Aðstoða framkvæmdastjóra og mótastjóra við annan undirbúning
      - Stjórnarmaður Ingibjörg Kristinsdóttir gengur í þetta verk ásamt framkvæmdastjóra
  - ÍM50 22-24 apríl
    - Almennur undirbúningur í samstarfi við mótastjóra og framkvæmdastjóra
    - Ákveða og undirbúa mótsblað með upplýsingum um mótið ofl
    - Framkvæmd mótsins
  - ÍM 3k+5k 30 apríl
    - Almennur undirbúningur í samstarfi við mótastjóra og framkvæmdastjóra
    - Framkvæmd mótsins
  - Íslandsmót í Sundknattleik 1 maí
    - Almennur undirbúningur í samstarfi við mótastjóra og framkvæmdastjóra

## Fundargerð 8. fundar stjórnar SSÍ 2015-2017 miðvikudaginn 09. desember 2015

---

2. Framkvæmd mótsins
- viii. Íslandsmót garpa ódagsett
  1. Almennur undirbúningur í samstarfi við mótastjóra og framkvæmdastjóra
  2. Framkvæmd mótsins

### 6. Önnur mál

a. Tillaga um að fá fagfólk til aðstoðar við kynningarstörf og átak í útbreiðslu  
*Staðfest*

b. Val á sundfólki ársins 2015

*Formanni falið að ganga frá vali á sundfólki ársins á sömu forsendum og gilt hafa frá árinu 2009*  
*Staðfest*

**Fundi slitið kl. 19:50**